

Fundargerð bogfiminefndarfundar 05.09.17

Bogfiminefnd ÍSÍ

12. Fundur haldinn í Bogfimisetrinu, Dugguvogi 05.09.2017 kl. 21:15

Fundinn sátu: Guðmundur Örn Guðjónsson, Haraldur Gústafsson, Ólafur Gíslason og Snorri Hauksson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Gíslason

Haraldur tengdist í gegnum fjarfundarbúnað (Skype) á fundinum.

1. Inntaka varamanns inn í nefndina og kosning á nýjum varamanni

Snorri Hauksson (varamaður) kemur inn í nefndina sem meðstjórnandi. Nefndin þarf að finna tvo nýja varamenn og eru Alfreð A... og Astrid Daxböck tilnefnd. Guðmundur mun athuga hvort þau vilja taka við sem varamenn nefndarinnar.

2. Endurskoðun á tímasetningu Íslandsmóts Utanhúss 2018

Það þarf að endurskoða tímasetninguna fyrir mótið því það skarast við Berlin World Cup 2018. Það er ekki hægt að seinka Íslandsmótinu því European Grand Prix – Bulgaria er helgina á eftir. Eftir þann tíma er ólíklegt að fá hentugt veður fyrir utanhúsmót. Tillaga er lögð fram að Íslandsmótið utanhúss 2018 verði fært á helgina 7. - 8. júlí til að gefa sem flestum möguleika á að sækja bæði íslandsmótið og erlend mót. Tillagan er samþykkt einróma.

3. Styrkur ÍSÍ fyrir efnilega keppendur á Ólympíuleikana í Tokyo 2020

Nefndin þarf að svara erindi Ólympíusamhjalparinnar varðandi styrki til Ólympíuleikanna 2020. Nefndin mun fara í að athuga hvaða íþróttafólk nær kröfum styrksins og mun undirbúa umsókn ef áhugi er hjá íþróttafólkinu.

4. Önnur mál

1. Breyting á fundartímum

Mánaðarlegir nefndarfundir verða færðir á fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 21:15 vegna anna nefndarmanna aðra daga.

2. Æfingarbúðir Keleu Quinn

Undirbúningur á æfingarbúðunum er lokið og fréttatilkynning hefur verið send út.

3. RIG 2018

Snorri mun taka að sér aðkomu bogfiminefndarinnar að skipulagi RIG bogfimimótsins.

Fundi slitið kl. 22:00

13. fundur Bogfiminefndar ÍSÍ verður haldinn þann 02.10.17 kl. 21:15